

Skýrsla um innra mat 2025-2026



Öxarfjarðarskóli/ leikskóladeildin Lundarkot
Norðurþing



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsáætlun um innra mat	5
Niðurstöður mats	6
Stjórnun	7
Uppeldis- og menntastarf	8
Leikskólabragur	13
Foreldrasamstarf	14
Innra mat	16
Heildarniðurstaða innra mats 2026	17
Ytra mat	18
Umbótaáætlun 2026-2027	18

Inngangur

1. Matsþættir í innra mati
 - Innra mat
 - Skipulag náms og viðfangsefni
 - Gagnasöfnun og vinnubrögð
 - Opinber birting og umbætur
 - Uppeldis- og menntastarf
 - Skipulag náms og námsaðstæður
 - Uppeldi, menntun og starfshættir, leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
 - Námssvið leikskólans
 - Leikskóli án aðgreiningar
 - Mat á námi og velferð barna
 - Leikskólabragur
 - Viðmót og menning
 - Velferð og líðan barna
 - Hlutverk leikskólakennara
 - Fagmennska starfsfólks
 - Starfsánægja
 - Stjórnun
 - Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
 - Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
 - Stjórnun og daglegur rekstur
 - Faglegt samstarf, leikskólapróun og símenntun
 - Foreldrasamstarf
 - Viðhorf og þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
 - Öðru má bæta við og leggja áherslu á á hverju ári eða reglulega
 - Sérstaða skólans
2. Staða gagnvart ytra mati ef við á
3. Umbótaáætlun

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats 2025 - 2026 .

Innra matsteymi Lundarkots skipa Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri og Hildur Óladóttir deildarstjóri.

Innra mat var gert í fyrsta skipti fyrir leikskóladeildina sem sér deild skólaárið 2024-2025 en áður hafði leikskólastarfið verið metið ásamt grunnskólastarfinu í sömu skýrslu.

Skýrslan í fyrra byggði á þeim liðum sem metnir voru vorið 2025 samkvæmt langtímaáætlun. Markmið Lundarkots var þá að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf gæðaviðmiða sveitarfélagsins og sú skýrsla ætluð til að gefa mynd af því hvernig staðan var í Lundarkoti.

Það sem metið var nú vorið 2026:

- Stjórnun / Stjórnun sem faglegur leiðtogi og faglegt samstarf.

- Uppeldis og menntastarf / Skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshættir, mat á námi og velferð barna.

- Leikskólabragur / Viðmót og menning, velferð og líðan barna, fagmennska starfsfólks og starfsánægja.

- Innra mat / Skipulag og viðfangsefni.

Í mörgum þessum liðum þótti vanta gagnaöflun, hvað verið er að meta, mat á niðurstöðum, tengingu við gæðamið, skólastefnu og aðalnámskrá. Einnig vantaði á ýmsum stöðum úrbótaáætlun og niðurstöður.

Haustið 2025 var ráðinn inn nýr deildarstjóri sem hefur í vetur verið að koma sér inn í starfið. Ekkert markvisst innra mat var því gert fyrr en nú í vor 2026. Þessi skýrsla byggir á því mati og styðst einnig við langtímaáætlun sem búið var að hanna. Í langtímaáætlun fyrir árið 2025-2026 var gert ráð fyrir að meta í innra mati eftirfarandi þætti:

- Stjórnun / Stjórnun og daglegur rekstur, leikskólalæðing og símenntun.

- Uppeldis og menntastarf / Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, námssvið leikskólans og leikur án aðgreiningar.

- Leikskólabragur / Hlutverk leikskólakennara.

- Foreldrasamstarf / Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun, viðhorf foreldra.

- Innra mat / Gagnaöflun og vinnubrögð.

Við gerð þessarar skýrslu var fengin aðstoð frá Unni Ösp Guðmundsdóttur sérgreinastjóra á Grænuvöllum á Húsavík. Á heimasíðu Öxarfjarðarskóla má einnig finna skjal sem nýtt var til hliðsjónar og heitir: Stjórnun-Gæðaviðmið-Leikskólastig sem byggt er á Viðmiðum úr „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“ frá 2014. Menntastefnu Norðurlands og aðgerðaráætlun með skólastefnu. Á heimasíðu er vísað í allar þessar áætlanir og hægt að kynna sér þær betur þar. Umbótaáætlun frá síðasta ári var einföld: „Það sem er brýnt að gera er að útbúa starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Lundarkots. Einnig að fara betur yfir deildarnámskrá og ákveða hvaða námsefni við munum nota. Þar sem við fáum menntaðan leikskólakennara í haust ætti það að vera í góðum farvegi“.

Innra mats skýrslu Lundarkots fyrir 2024-2025 er að finna á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun um innra mat

Skólastjóri skipaði nýjan deildarstjóra, Hildi Óladóttur með sér í teymi innra mats fljótlega eftir að hún hóf störf að hausti 2025. Deildarstjóri kynnti sér aðeins forritið www.bravolesson.se og fór með skólastjóra á einn fund um mat í skólastarfi á Húsavík um vorið. Í maí mánuði kom síðan Unnur Ösp Guðmundsdóttir frá leikskólanum Grænuvöllum til að aðstoða Hildi við að læra og skilja á kerfin og vinnubrögð. Það er nokkuð flókið ferli og verulega tímafrekt að vinna í einu kerfi og þurfa síðan að uppfæra það í annað. Þessi vinna krefst einnig að unnið sé markvisst að þessu allt skólaárið. Mun vera gerð bragabót á því næsta skólaár. Það er heilmikil vinna að koma sér inn í nýtt starf og nýtt skólaumhverfi og varla hægt að ætla að starfið sé metið strax. Fyrst er að kynna sér aðstæður og læra á umhverfið. Við bindum því vonir við að teymið vinni markvissara næsta skólaár og fái starfsfólkið til að vinna með í að meta innra starfið jafnóðum. Langtímaáætlunin liggur fyrir og ætti að vera lifandi plagg sem uppfærist reglulega. Stuðst verður við það plagg, það bætt og endurmetið. Áætlunin nær til skólaársins 2028-2029.

Fundur var á Teams 2.júní til að meta ytra mat í Norðurþingi og endurskoða innra mats viðmið. Á fundinum mættu stjórnendur Ásgarðs og skólastjórnendur í Norðurþingi.

[Langtímaáætlun til 2028-2029 má sjá hér](#)

Niðurstöður mats

Niðurstöður matsins eru lagðar fram í fimm áðurgreindum meginþáttum samanber innra mat Menntamálastofunar og Menntastefnu Norðurlands. Hér fyrir neðan er fjallað um niðurstöðurnar út frá því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólans.

Innra mats nefndin hefur farið yfir öll Gæðaviðmið Menntastefnu Norðurlands sem byggð eru á viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs gefið út af skóla- og frístundarsviði Reykjavíkur 2014. Einnig er farið yfir niðurstöður foreldrakönnunar sem send er út á hverju ári og tekið er mið af niðurstöðum hennar í vinnu við innra mat og umbætur.

Niðurstöður gæðaviðmiða eru litakóðaðar í neðangreinda þætti eftir gæðum. Matsteymi fer yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin en gögnin geta m.a. verið - niðurstöður mats, matslistar, rýnihópar, mat á kennslu og gátlistar.

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun

Þrír þættir voru metnir í stjórnun á skólaárinu 2024-2025; Skólanámskrá, starfshættir og verklagsreglur, stjórnandinn sem faglegur leiðtogi og faglegt samstarf. Verða tveir af þeim endurmetnir 2026-2027, á næsta skólaári. Einn þátturinn ekki fyrr en árið á eftir eða skólaárið 2027-2028. Í vetur voru tveir þættir metnir; Stjórnun og daglegur rekstur og leikskólaþróun og símenntun. Verða þeir aftur metnir eftir tvö ár. Markmið skólans er að stjórnendur séu virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Stjórnendur sjá til þess að leikskólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsfólks með áherslu á *jákvæðni, vináttu, virðingu og metnað*. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir.

Stjórnun
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun

Niðurstöður:

Tveir þættir af fimm bera skýr merki um gæðastarf í leikskólanum. Þættir í stjórnun sem lúta að stjórnandanum sem faglegur leiðtogi og stjórnun og daglegur rekstur. Hinir þrír eru ljósgrænir sem tákna þó að styrkleikar eru meiri en veikleikarnir. Ljóst er þó að gera má betur varðandi ýmsar áætlanir og verklagsreglur og hafa nokkrir punktar verið skráðir í umbótaáætlunni hér að neðan.

Helstu umbætur og verkefni næsta skólaárs:

Til þess að allir þættir geti talist dökkgrænir þarf að ljúka endurskoðun á nokkrum áætlunum: símenntunaráætlun, gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, áfallateymi, öryggis- og rýmingaráætlun sýnilegar á heimasíðunni undir Leikskóladeild. Fylgja þarf áætlun um læssisstefnu betur úr höfn og sjá um að henni sé framfylgt. Fylgjast þarf áfram með að samskipti innan starfsmannahópsins séu uppbyggileg og byggist á gagnkvæmu trausti. Innra mat var gert fyrir leikskóladeildina sér í fyrsta skiptið í fyrra skólaárið 2024-2025 og er því enn þá verið að skoða og meta suma þætti í fyrsta skiptið þetta árið. Eðlilegt er því að ekki sé komið gott samræmi á símenntun (sem ekki er til) og umbótaáætlun leikskólans sem verið er að hanna. Þessa þætti má skoða nánar í umbótaáætlunni neðst í skýrslunni.

Uppeldis- og menntastarf

Þrír þættir voru metnir vorið 2025 – Skipulag náms og námsaðstæður, Uppeldi, menntun og starfshættir og mat á námi og velferð barna.

Þeir voru allir metnir ljósgrænir. Nokkuð viðunandi en í fyrsta þætti var einn þátturinn rauður: Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist. Þó þetta atriði hafi ekki verið í áætlun um endurmat má samt láta fylgja með í þessari skýrslu að hljóðvist var bætt verulega á síðasta ári, haust 2026, þar sem hljóðeinangrandi plötur og ný ljós voru settar í allar stofur leikskóladeildarinnar og var það mikill munur. Engin umbótaáætlun var gerð svo nánara mat og umbótaáætlun verður gert á næsta skólaári 2026-27.

Það sem metið var á þessu skólaári var: Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, námssvið leikskólans og leikskóli án aðgreiningar. Tveir fyrstu eru ljósgrænir en sá þriðji dökkgrænn.

Markmið skólans samkvæmt námskránni á heimasíðu er:

1. Að efla félagsfærni barnanna, 2. að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar og 3. að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt. Lögð er áhersla á kenningar bandaríska heimspekingsins og uppeldisfræðingsins John Dewey og kenningar sovéska sálfræðingsins Lev S. Vygotsky. Þessi námskrá er í mikilli uppbyggingu og verður endurskoðuð á komandi skólaári. Markmið skólans er að skólastarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Við styðjumst við jákvæðan aga eins og allur grunnskólinn en tókum einnig inn í vetur meginmarkmið Hjallastefnunnar sem eru: röð, regla og rútína. Úr Hjallastefnunni tókum við einnig inn valkerfi þar sem börnin velja leiksvæði og þurfa að standa við það val í ákveðinn tíma. Í skólanum er læsisstefna sem ekki hefur verið unnið markvisst að í vetur en verður endurskoðuð þann næsta. Mikil áhersla hefur þó verið lögð á undirstöðuþætti læsis og söng og tónlistarkennari kemur inn með söngtíma tvisvar í mánuði. Verið er að innleiða meira skapandi efnivið þar sem “skapalón” eru fjarlægð markvisst úr starfinu til að auka á sköpun barnsins. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um uppeldis- og menntastarf voru fundargerðir, niðurstöður starfsmannasamtala og foreldrakönnun.

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðstæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

Niðurstöður:

- **Jákvæður agi.** Unnið er markvisst með jákvæðan aga í bæði leik og grunnskólanum. Jákvæður agi er uppeldisstefna byggð á sjálfsstjórnarkenningum. Ekkert er skrifað um jákvæðan aga í námskrá leikskólans og þarf að yfirfara það. Deildarstjóri hefur heldur ekki tekið námskeið í þessari agastefnu en er búinn að skrá sig á tveggja daga námskeið í haust, 15. og 16. október 2026. Verður þetta sett í umbótaáætlunina.
- **Læsisstefna** var óvirk þennan vetur eins og hún er uppfærð á heimasíðunni. Nýr deildarstjóri var að máta sig í starfið og skoða aðstæður. Hún verður endurunnin og uppfærð á næsta skólaári.
- **Málörvun.** Mikið var samt unnið í málörvun. Lubbastundir í hverri viku þar sem markvisst var tekinn fyrir einn stafur. Á hverjum morgni er „þjónastund“ þar sem þjónn dagsins er valinn með því að upp á töflu er skrifað stafarugl eða strík þar sem börnin æfa sig í að finna stafi og finna út hvað stendur. Orðið sem kemur í ljós tengist þá þjóni dagsins eða einhverju sem verið er að gera þann daginn. Þjónninn kemur upp og æfir sig með leiðsögn að skrifa nafnið sitt, bæði há og lágstafi. Síðan fær hann að telja hvað margir stafir eru í nafninu sínu og finna hvaða kubbur passar við það. Það er einnig verið að vinna með ýmis hugtök, rím og takt í þessum stundum. Finna út hvaða dagur er í dag, mánuður og vikudagur. Sunginn er vísan um mánuðina eða farið með pulu.
- **Matstæki.** Míó er skimunarefni í stærðfræði sem starfsmenn leikskólans geta lagt fyrir. Það var ekki notað í vetur. HLJÓM-2 er skimun sem metur hljóðkerfis- og málvitund elsta árgangs í leikskólanum og deildarstjóri leggur fyrir. HLJÓM-2 var lagt fyrir 2020 árgang í október og skoruðu öll börnin fimm vel. Þurfti ekki að endurtaka í janúar. Málþroskamát úr bókinni Snemmtækri íhlutun í hnotskurn er listi sem metur málskilning/máltjáningu/samskipti og leik 1-6 ára barna. Hann var lagður fyrir öll börn í september og október og farið var yfir helstu þroskaþætti barnsins í foreldraviðtölum. Listarnir er útfylltir af öllu starfsfólki, sendir heim daginn áður þannig að foreldrar geti verið búnir að lesa yfir og undirbúa spurningar ef einhverjar eru. Þetta fyrirkomulag mælist vel í foreldra og er ekki síst gott fyrir foreldra með annað tungumál. Einnig erum við með lista sem tekur á fín og grófhreyfingum barna, tekið úr AEPS listanum. Ef um einhver frávík er að ræða er

stuðst við Íslenska þroskalistann sem útfyllist bæði af foreldrum og starfsfólki. Hann þurfti ekki að nýta í vetur. Ef leita þarf eftir frekari úrræðum er haft samband við sérfræðinga hjá skólaláðgjafastofnu Norðupings sem hafa ýmiskonar önnur og ítarlegri matstæki.

- **ISAT** – er kennsla fyrir íslensk börn með annað tungumál. Öll börn sem hafa fleira en eitt tungumál í sínu daglega málumhverfi eiga rétt á a.m.k. 10 mínútna sérkennslu á hverjum degi. Í Lundarkoti eru veturinn 2025-26 5 drengir sem féllu undir þetta viðmið og sá deildarstjóri um að fylgjast með þeim í vetur. Hver drengur fékk 20 mín á viku í senn fyrri hluta annar. Tveir drengir eiga íslenska móður en sænskan föður. Einn drengur á íslenskan föður en sænska móður. Einn drengur á íslenskan föður og pólska móður. Einn drengur á foreldra sem bæði eru pólsk og tala litla íslensku. Kennarar fylltu út *Blómið* sem er matstæki sem hannað var fyrir Akureyrarbæ og sýnir styrkleika barnsins í málnotkun. Þetta var fyllt úr fyrir foreldraviðtöl í haust.
- **Útivera** heldur sterkum sessi í Lundarkoti og öll börn njóta útiveru í einhverju formi. Eldri börnin fá mikið að leika í skóginum sem umlykur skólann, fara í langar gönguferðir í nánasta umhverfi, sula í læknum á vorin og hlaupa á túnunum. Auka þarf verulega hreyfingu yngri barnanna út fyrir skólalóðina en þau fara að sjálfsögðu út á hverjum degi á leiksvæðið okkar.
- **Tónlistarkennsla.** Lundarkot hefur í tvö ár verið í samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur. Á haust og vorönn hefur kennari komið í leikskólann aðra hverja viku og séð um tónlistarstundir fyrir elstu börnin (Indíana). Tónlistarkennarinn hefur einnig skipulagt tónlistaratriði með börnunum fyrir útskrift þeirra í maí og í ár lærðu börnin lagið *Sumargestur* eftir Ásgeir Trausta. Þau æfðu það mjög vel og fluttu við útskriftarathöfn sína þann 20.maí 2026
- **Frjálsi leikurinn og valkerfi.** Frjálsi leikurinn er á sínum stað. Við notumst við valkerfi innanhúss þar sem börnin æfa sig í að velja tvö og tvö saman. Valið er stórt mál og við spyrjum okkur að því hvernig við getum látið þennan starfsþátt verða að þeirri mannréttindayfirlýsingu sem hún stendur fyrir, í gegnum lýðræðis- og félagsþjálfun, og með því tryggt fullkomna virðingu fyrir vilja og áhuga barnsins. Með valinu æfast börnin í þeirri hugsun að velja samkvæmt hjarta sínu og að standa með ákvörðun sinni. Með þessu er fullorðinsvaldið tekið burt, því það er valkerfið sjálft sem stýrir. Öll börn fá sömu tækifæri til að velja fyrst og stundum verða þau síðust að velja. Þannig er vel gætt

jafnræðis. Stundum er það svæði sem barnið vill velja “fokið” og þá þarf það að velja eitthvað annað. Þetta finnst þeim oft erfitt en er í takti við lýðræðislegt samfélag, þar sem við fáum ekki alltaf það sem við viljum og þurfum stundum að bíða eftir betra tækifæri (Hjallastefnan ehf).

- **Hljóðvist.** Vinna að betri hljóðvist mun halda áfram á næstu árum, en í vetur var hljóðvistarplötum komið fyrir í leikrýmum Lundarkots sem bætti hljóðvistina þar til muna. Þarf að bæta hljóðvist í matsal skólans.
- **Bækur.** Lesið er heilmikið fyrir börnin og aðgengilegir bókaskápar á báðum deildum þar sem börnin geta sótt sér sjálf bækur á rólegum stundum. Til að ná góðum tengslum við börnin, þá sérstaklega þau yngri, virkar oft betur að segja sögur frekar en að lesa þær beint af bókinni. Með því náum við góðum og innilegum tengslum við börnin, málvitund þeirra og orðaforði eflist og auðveldara er að halda athygli barnanna þegar hún beinist beint að börnunum en ekki á bókina. Þegar þau eldast er hins vegar mjög mikilvægt að lesa fyrir þau og vekja forvitni þeirra á bókum.

Helstu verkefni og umbætur næsta skólaár

- Fyrsti þátturinn, Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, fór í ljósgrænt og voru fjórir þættir settir í umbótaáætlun hér neðar í skýrslunni.
- Einn þeirra var rauður, óviðunandi: Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi. Það er þáttur sem við þurfum að skoða betur.
- Tveir þörfuðust úrbóta og voru gulir: Börnum er gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólans og í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi.
- Einn var ljósgrænn. Metum þetta og skoðum nánar.
Annar þátturinn, Námssvið leikskólans, var einnig ljósgrænn en þrír þættir fóru í umbótaáætlun;
- Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. þátttaka í samfélagsverkefnum, góðgerðarstarfsemi, umhverfisvernd og útinám). Unnið er markvisst að eflingu vísinda meðal barna í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá

og starfi. Unnið er markvisst með heimamenningu allra barna. Þetta verður einnig endurmetið síðar samkvæmt langtímaáætlunni. Skoða þarf betur stefnuna Jákvæður agi og fara yfir þau matstæki sem við ætlum að notast við.

Leikskólabragur

Markmið skólans er að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum. Tveir þættir voru metnir skólaárið 2024-25; Viðmót og menning og velferð og líðan barna. Vorið 2026 var þátturinn: Hlutverk leikskólakennara, metinn. Gögn sem stuðst var við voru viðmið gæðamats.

Niðurstaða

- Skólaárið 2024-25 átti að meta fjóra þætti en aðeins tveir eru skráðir. Það vantaði tengingu við gæðaviðmið og engin umbótaáætlun var gerð. Þetta verður endurmetið á næsta ári og þá betrubætt og umbótaáætlun skráð.
- Hlutverk leikskólakennara var metið og voru tveir þættir sem fóru í umbótaáætlun, sjá hér að neðan.

Leikskólabragur
Viðmót og menning
Velferð og líðan barna
Hlutverk leikskólakennara
Fagmennska starfsfólks
Starfsánægja

Verkefni og umbætur næsta skólaárs

- Áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglast í starfinu. Með komu nýs deildarstjóra er verið að fara markvisst yfir þessa þætti og þeir verða mótaðir betur á næstu árum. Mikilvægt er að allt starfsfólk geri sér grein fyrir hvaða áherslur eru í starfinu og að það endurspeglast í vinnu þeirra.
- Að leiðbeinendur á deildum fái reglulega *endurgjöf og leiðsögn* (s.s. í daglegu starfi og í leiðbeiningasamtölum). Tekin var upp ný stefna í leiðbeiningasamtölum, svo kallað starfsþróunarviðtöl. Þar er gert ráð fyrir að deildarstjóri taki reglulega (á nokkra vikna fresti) stutt viðtöl þar sem ein til tvær spurningar eru ræddar. Þetta er rétt að komast í gang. Aðeins eitt viðtal hefur átt sér stað á vorönn á þessu ári og svo annað í júní 2026. Viljum festa þetta betur í sessi.
- Þættirnir *Fagmennska starfsfólks og starfsánægja* hafa ekki verið metnir ennþá en unnið hefur verið í þessum þáttum eins og hægt er. Starfsfólki var boðið á jólahlaðborð heima hjá deildarstjóra í desember ásamt eiginmönnum og einn fundur var tekin heima há öðrum starfsmanni til að gera tilbreytingu. Deildarfundir hafa verið haldnir í hverjum mánuði eftir vinnutíma. Marella mannauðsstjóri hjá Norðurþingi kom í maí með fyrirlestur um „*Samskipti í starfsmannahópnum*“. Virkilega góður fyrirlestur því það er alltaf gott að minna sig á mikilvægi

þess að líða vel í vinnunni, tala á hreinskiptinn hátt við hvort annað og bera virðingu hvert fyrir öðru.

Foreldrasamstarf

Var metið á skólaárinu 2024-2025 og svo aftur í ár. Verður aftur metið eftir tvö ár. Í Lundarkoti er lögð mikil áhersla á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Áhersla er á góða samvinnu og gagnkvæman trúnað milli foreldra og kennara enda er það ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Gögn sem nýtt voru til að mæta við markmið og viðmið um foreldrasamstarf voru foreldrakannanir.

Niðurstaða:

Það sem er ljósgrænt eða gult fer í umbótaáætlun

- Skóladagatal er aðgengilegt á vefsíðu leikskólans og alltaf yfirfarið af foreldraráði að vori (fyrir næsta ár)
- Karellen forritið er notað í daglegum foreldrasamskiptum þar sem foreldrar fá m.a. upplýsingar um börnin á rauntíma, geta sent og fengið skilaboð og fengið myndir af börnunum til varðveislu. Foreldrar virðast vera ánægðir með að geta skoðað myndir daglega af börnunum sínum og verið í beinum samskiptum við starfsfólkið.
- Deildarstjóri hefur sent út fréttapósta á fimmtudögum um starf vikunnar (mætti bæta). Það er mjög mikilvægt að send séu skilaboð í gegnum miðla þar sem í Lundarkoti fara mjög mörg börn heim með skólabíl og því ekki um dagleg samskipti við foreldra að ræða. Best væri ef það væri í höndum hvers og eins hópstjóra (sem ber ábyrgð á ákveðnum börnum) að senda vikulega pósta.
- Mánaðardagatöl hafa ekki verið í vetur en það var sett í umbótaáætlunina að byrja á því haustið 2026. Það er ákall frá foreldrum um meiri upplýsingamiðlum, þau sakna bókastunda og þemadaga.
- Síminn er svo notaður þegar ná þarf strax í foreldra og kennara.
- Sameiginlegur haustfundur grunn og leikskólans var haldinn í haust til að kynna starf vetrarins. Foreldri kom með ábendingu um að hann hefði verið frekar ómarkviss og ekki farið nægilega vel yfir starfið. Það mun væntanlega skrifast á nýsettan deildarstjóra sem ekki var kominn nógu vel inn í starfið. Það var hans markmið að koma rólega inn, skoða vinnugögn, vinnustað og vinnuanda áður en gerðar yrðu róttækar breytingar. Ljóst er að hafist verður handa við miklar úrbætur á komandi skólaárum. En alltaf er betra að fara hægt af stað og hafa starfsfólkið með sér til að árangurinn verði sem bestur.
- Foreldrahandbók verður endurskoðuð á næsta ári.

- Foreldraviðtöl voru haldin í lok október og í nóvember hjá öllum börnunum og foreldrum sagt að annað viðtal yrði ekki haldið nema þau óskuðu sérstaklega eftir því. Foreldrakönnun sýndi hins vegar að helmingur foreldra vilji fá viðtöl vegna barna sinna tvisvar á ári. Á næsta skólaári munum við fara sömu leið og Grænuvellir sem erum með góða og hnitmiðaða kynningu fyrir alla foreldra að hausti og síðan er boðið upp á gott foreldrasamstarf á vorönn. Að sjálfsögðu er alltaf velkomið að óska eftir auka viðtölum ef þurfa þykir.
- Í foreldrakönnun kom einnig í ljós að eitt foreldri vissi ekkert um dagskipulag leikskólans, hafði ekki kynnt sér námskrá skólans né þá stuðningsþjónustu sem skólalæknastofnun veitir. Þarna mætti áætla að væri á ferðinni foreldrar sem ekki tala íslensku og hafa ekki ensku sem máltæki. Þetta er sett í umbótaáætlun

Foreldrasamstarf
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðhorf foreldra

Verkefni og umbætur næsta skólaárs

- Gera skriflega áætlun um verklag þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál. Í vetur kom upp eitt viðkvæmt mál og var þá strax haft samband við Marellu mannauðsstjóra hjá Norðurþingi. Það er mjög mikilvægt og gott að geta leitað til aðila sem er óháður og tengist ekki málinu.
- Að heimasíða leikskólans sé virk og innihaldi meira af hagnýtum upplýsingum sem verið er vinna markvisst að.
- Að hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans. Að gætt sé að því að allir geti skilið dagskipulag og aðrar upplýsingar um þá þjónustu sem leikskólinn veitir.
- Að foreldrar upplifi að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans. Með skýrslu sem þessari ættu foreldrar að vera meira meðvitaðir og sjá að verið er að meta og skoða innra mat skólans á hverju ári.
- Ákall var frá foreldrum um betri aðbúnað er varðaði skólalóðina. Foreldrar nefna leiksvæðið við deildina sem of lítið og óspennandi miðað við þann fjölda barna sem þar er.

Innra mat

Innra mat er nýtt í Lundarkoti sem sér deild innan Öxarfjarðarskóla– var fyrst gert í fyrra skólaárið 2024-2025. Þar voru niðurstöður þær að við þyrftum að bæta verulega við skýrsluna svo hún væri marktæk. Það vantaði tengingu við gæðaviðmið, svörin voru frekar huglæg, það vantaði umbótaáætlanir, útskýra mátti betur áætlanir og hver viðmiðin eru, umfjöllun og niðurstöður. Sem sagt af mörgu að taka. Skólaárið 2025-2026 tók nýr deildarstjóri við og hefur þetta starfsár verið mikið í að skoða starfið og meta hvað má betur fara. Ekkert var unnið í innra mati fyrr en á vorönn. Við gerð þessarar skýrslu er ljóst að í mörg horn er að líta. Nú er bara að bretta upp ermar og láta verkin tala.

Niðurstaðan er því sú að hægt og rólega munum við skoða gæðaviðmiðin, bera saman, meta, vinna að umbótum og gera starfið bæði faglegra og sýnilegra. Unnið verður á næstu árum samkvæmt langtímaáætluninni sem sett var upp í fyrra, skólaárið 2024-2025. Í inngangi má sjá þau gæðaviðmið og áætlanir sem við styðjumst við. Þær eru einnig sýnilegar á heimasíðu Öxarfjarðarskóla. Gagna mun vera aflað með aðferðum sem hæfa hverju viðfangsefni og matsaðilar geta haft áhrif á að ákveða áherslu og forgangs röðun í innra mati. Það er gert á reglulegum innra mats fundum sem haldnir eru reglulega á vegum Norðupings.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

Verkefni og umbætur næsta skólaárs

- Mikilvægt er að þegar niðurstöður liggja fyrir eigi sér stað samræður meðal starfsfólks og foreldra. Niðurstöður matsskýrslna mætti ræða á starfsmannafundi með starfsfólki og á kynningarfundum á haustin með foreldrum.
- Framkvæmd innra mats er alltaf samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum.
- Útbúa matsblöð fyrir starfsfólk til að meta starfshætti sína.
- Útbúa matsblöð fyrir hvern þátt í námskránni.

Heildarniðurstaða innra mats 2026

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks - Ekki búið að meta		
Leikskólabróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja - Ekki búið að meta		
	Mat á námi og velferð barna			

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ytra mat

Ekkert ytra mat hefur farið fram í leikskóldeild

2026

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskóla- starfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Umbótaáætlun 2026-2027

Umbótaáætlun næsta árs má finna [hér](#)